

Rangárþing ytra, 29. september 2020

Efni: Umsögn Ungmennaráðs UMFÍ um tillögu mennta- og menningarmálaráðherra að breytingu á viðmiðunarstundaskrá grunnskóla, mál nr. 160/2020.

Ungmennaráð UMFÍ leggst gegn tillögu mennta- og menningarmálaráðherra um breytingu á viðmiðunarstundaskrá grunnskóla sem nú liggur inn í samráðsgátt.

Tillaga sem þessi felur í sér mikla skerðingu á því litla frelsi sem nemendur grunnskóla hafa í sínu námi. Tilfni breytinganna er sagt vera viðvarandi slakur árangur nemenda í íslensku- og náttúrufræðigreinum, án þess þó að fram komi rök þess efnis að aukinn tímafjöldi í þeim greinum geti bætt árangur. Það er ekki magnið sem telur heldur gæðin.

Þá var tillagan eitt af aðal umræðuefnum ungmennaráðstefnunnar Ungt fólk og lýðræði, sem haldin var í Hörpunni, þann 17. september síðastliðinn. Meðal gesta ráðstefnunnar var Lilja Dögg Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra. Það kom skýrt fram á ráðstefnunni hver vilji ungmenna er, og hann er svo sannarlega ekki í þá áttina að skerða frelsi nemenda í námi, heldur þvert á móti að auka það, en mörg ungmenni upplifa námskerfið sem of einhæft, jafnvel í sinni núverandi mynd og kalla frekar eftir aukningu valgreina.

Ungmennaráð UMFÍ er ávallt tilbúið til að leggja hönd á plóg og hjálpa til við að bæta skólastarf og vettvang ungmenna, enda er það eitt af okkar hlutverkum. Það er allra hagur. Jákvæð niðurstaða næst aðeins með samstöðu og samvinnu, með því að taka tillit til allra sem málið varðar og eiga samtalið.

Fyrir hönd ungmennaráðs UMFÍ,

Ástþór Jón Ragnheiðarson

Ástþór Jón Ragnheiðarson, formaður.